

Fjármálaráðuneytið  
b.t.: ráðuneytisstjóra Guðmundar Árnasonar  
Arnarhvoli

150 Reykjavík

Reykjavík 10. Júlí 2012

Með úrskurði Úrskurðarnefndar um upplýsingamál A-436/2012 frá 29. júní sl. hefur fengist endanlega staðfest að í Arionbanka var með samkomulagi á milli Arionbanka/Nýja Kaupþings hf. og skilanefndar Kaupþings að frumkvæði ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur samið um að endurvinnna áður ákveðnar afskriftir á lánasafni bankans sem unnar voru á grundvelli neyðarlaga nr. 125/2008 og færðar höfðu verið í bækur nýja bankans samkvæmt úrskurðum FME frá í október 2008.

Þá fékkst einnig staðfest að á lista yfir fyrirtæki sem vinna skyldi á var að finna nafn fyrirtækis míns B M VALLÁ hf.

Í úrskurðinum var mér synjað um aðgang að samningi þessara aðila um vörslu og skilyrt virðisréttindi frá 03.09.2009, sama dag var jafnframt undirritaður hluthafasamningur fjármálaráðuneytisins og Kaupskils ehf. og Nýja Kaupþings banka. Samhliða undirritaði ráðuneytisstjórinn f.h. ráðuneytisins sérstakan viðauka við hluthafasamninginn og samning um sameiginlega stofnfjármögnun. Saman mynduðu þessir samningar órjúfanlega heild og gátu ekki fullnustast nema allir í senn.

Hluthafasamningurinn staðfestir að á undirritunardegi var íslenska ríkið 100 % eigandi Nýja Kaupþings hf. Í samningnum gefur að lesa það hvernig samningur um vörslu og skilyrt virðisréttindi var órjúfanlegur hluti af hluthafasamningnum og samningnum um fjármögnun Nýja Kaupþings hf. Vísa ég þar sérstaklega til liða H I J K L og M á bls. 2 og 3 í hluthafa-samningnum. Jafnframt vekur upp spurningar hér til hvers G liðurinn á bls. 2 vísar til þegar hann greinir frá samkomulagi 17.07 2009 svokölluðu "Head of Terms" by certain of the Parties.

Allt ber þetta að einum og sama brunni.

Það var íslenska ríkið sem leiddi og stýrði öllu þessu ferli samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá í febrúar 2009. Ríkisstjórnin skipaði sérstaka stjórnssýslunefnd undir forystu fjármálaráðuneytisins til að annast stýringu þess. Nefndarvinnan leiddi síðan til allra þeirra samninga sem varða Nýja Kaupþing og Kaupskil fyrir hönd skilanefndar Kaupþings. Af hluthafasamningnum má ráða að allir þessir samningar voru ein heild og voru bæði fjármögnunarsamningurinn og vörslu og skilyrti virðisréttindasamningurinn órjúfanlegur hluti hluthafasamningsins. Án lúkningar þeirra samninga gat aldrei orðið af efndum hluthafasamningsins.



Það er því óyggjandi að þó svo hafi háttað að íslenska ríkið hafi ekki undirritað samninginn um vörslu og skilyrt virðisréttindi var hann undirritaður að frumkvæði og í þágu íslenska ríkisins til að unnt reyndist að "einkavæða" Nýja Kaupþing hf. Samningurinn var þannig hluti af heildarsamkomulagi ríkisins og skilanefndar Kaupþings.

Nú hefur verið upplýst af Úrskurðarnefndinni að í vörslu og virðisréttindasamningnum sé að lesa nafn B M VALLÁ hf. og grundvallar hún þá niðurstöðu á 9. gr upplýsingalaga. Nefndin kemst hins vegar að því að réttur minn skv. 9. gr. nái ekki lengra þótt ekki verði annað ætlað en að efni samningsins um vörslu og skilyrt virðisréttindi hafa að sjálfsögðu varðað hagsmuni fyrirtækis míns sem og annarra sem um var fjallað.

Það er því erfitt að skilja þá niðurstöðu sem staðfestir réttinn til upplýsinga um nafnið eitt en synjar að upplýsa um það innihald sem vörðuðu hagsmuni fyrirtækisins B M VALLÁ hf. og annarra á þeim grundvelli að íslenska ríkið hafi enga aðild átt að þeim samningi með beinum hætti þótt hluthafasamningurinn beri með sér að það sé rangt.

Því vakna margar spurningar um það hvort og með hverjum hætti fjármálaráðuneytið upplýsti og leiðbeindi um málsmeðferðina í heild sinni og hvort betri upplýsingagjöf ráðuneytisins og gögn sem enn hafa ekki verið afhent gætu leitt til þess að Úrskurðarnefnd um upplýsingamál kæmist að annarri niðurstöðu.

Það er mín megin röksemdafærsla að ferlið allt hafi haft áhrif á fjárhagsmálefni B M VALLÁ hf. og annarra. Ferlið sem samið var um fyrir frumkvæði íslenska ríkisins og fór gegn ákvæðum neyðarlaganna nr. 125/2008 og ákvörðunum FME í október 2008 sem grundvallaðar voru á lögunum. Var það á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Sú framganga gegn hagsmunum viðskiptavina Nýja Kaupþings sem það og skilanefndin eru sögð bera ein ábyrgð á í samningum sín í milli sýnast jafnframt brjóta með afgerandi skýrum hætti gegn 19. gr. laga 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Loks er til að taka að á umpóttunartíma samningsins eins og honum er lýst í skýrslu fjármálaráðherra og lauk ekki fyrr en 08.01.2010 hafði Alþingi samþykkt sérstök lög nr. 107/2009 um endurreisn fjárhags heimila og fyrirtækja sem tóku gildi í október 2009.

Á þessum grunni verður því ekki sundurskilið að fá upplýsingar um að fyrirtækið B M VALLÁ hf. hafi verið á "aftökulista" í nýja Kaupþingi hf./ Arionbanka en því hafnað að upplýsa um með hverjum hætti aftakan skyldi fara fram þar sem það væri viðskiptaleyndarmál sem skjóls nyti samkvæmt 5. gr. upplýsingalaga.

Krafa um frekari upplýsingar

1. Nú vil ég áréttta kröfu mína um að fá afhentan þann hluta samningsins um vörslu og skilyrt virðisréttindi sem fjallar um þær efnisreglur og eða lýsir þeirri aðferðarfræði sem styðjast skyldi við við endurvirðingu skv. samningnum.

2. Þá óska ég eftir endurritum úr fundargerðum hinnar sérstöku nefndar undir forystu fjármálaráðuneytisins og þeim greinargerðum, minnisblöðum og öðrum gögnum sem höfð voru til hliðsjónar um ákvörðun nefndarinnar um þá leið sem farin var í "heimildarlausri einkavæðingu" Nýja Kaupþings hf. og að hverju var stefnt með því að semja við skilanefndina um þau mál en þær ákvarðanir sýnast hafa haft veruleg áhrif á örlög fyrirtækis míns.





Einnig óska ég sérstaklega eftir upplýsingum og leiðbeiningum þar um með hverjum hætti einstakir ráðherrar og ríkisstjórn voru upplýst um eða tóku þátt í þessu ferli.

3. Þá óska ég eftir samkomulagi því sem nefnt er í G lið hluthafasamkomulagsins svo kölluðu “Head of Terms”.

4. Loks óska ég eftir því að fá í hendur samning um sameiginlega stofnfjármögnun í heild sinni með öllum þeim skilyrðum sem honum fylgdu og voru hluti samningsins eins og lýst er að nokkru efnislega á bls. 50-51 í skýrslu fjármálaráðherra til Alþingis í mars 2011.

Ég vil í lokin árétta alveg sérstaklega leiðbeiningarskyldu ráðuneytisins í þessum efnum sem ég tel að hafi ekki gætt með fullnægjandi hætti til þessa og sérstaklega árétta að ef ekki fæst niðurstaða með ráðuneytinu í þessari umferð skiptir öllu þegar á ný kemur til kasta Úrskurðarnefndar um upplýsingamál að hún hafi þá fyrir augunum öll gögn sem varða þetta mál svo hún geti lagt fullnægjandi mat á rétt minn til upplýsinga skv. 9. og 7. gr. upplýsingalaganna.

Þessi málarekstur hefur nú tekið meira en 14 mánuði og vona ég að svo lengi þurfi ekki á ný að teygja lopann um þessi efni þannig að takast megí að ljúka þessum málum nú á skömmum tíma.

Ef ekki er ekki annað fyrir stafni en að halda málum fram að nýju fyrir Úrskurðarnefndinni nema þá að kosningar og ný ríkisstjórn að þeim loknum og nýr ráðherra í fjármálaráðuneytinu muni leiða til þess að upplýsingar um þessi mál verði greiðsóttari en verið hefur hingað til.

Virðingarfyllst



Viglundur Þorsteinsson